

Starfssvið aðstoðarmanns talmeinafræðings

Aðstoðarmaður...

- ...leggur fyrir skimanir en má ekki túlka niðurstöður
- ...leggur fyrir matstæki, ef hann hefur lokið tilhlýðilegum námskeiðum í aðferðafræði og próffræði, skv. ítarlegum leiðbeiningum talmeinafræðings en er ekki heimilt að túlka niðurstöður né greina skjólstæðingi frá niðurstöðum.
- ...framfylgir meðferðaráætlun (bein þjálfun) sem talmeinafræðingur hefur lagt upp með og sem hann fylgir eftir (t.d. með reglulegum fundum eða öðrum samræðum um framgang meðferðar).
- ...þarf að gera grein fyrir stöðu sinni gagnvart skjólstæðingi, þ.e. tilgreina að viðkomandi er aðstoðarmaður sem vinnur undir stjórn talmeinafræðings.
- ...aðstoðar talmeinafræðing við gagnaöflun fyrir nýjan skjólstæðing
- ...útbýr verkefni fyrir skjólstæðinga skv. leiðbeiningum talmeinafræðings
- ...hringir út og býður tíma eða afboðar fyrir talmeinafræðinginn
- ...má aðstoða og stjórna hoptímum skv. leiðbeiningum talmeinafræðings
- ...aðstoðar við rannsóknarvinnu, greinaleit, þýðingar, o.þ.h.
- ...verður að hafa gott vald á íslensku
- ...hefur lokið a.m.k. B.A.-gráðu frá viðurkenndum háskóla

Aðstoðarmaður má ekki...

- ...nýta einingar starfandi talmeinafræðings frá Sjúkratryggingum Íslands
- ...gera breytingar á meðferðaráætlun án þess að bera það undir talmeinafræðing
- ...túlka niðurstöður og greina frá þeim við sjúkling, fjölskyldu eða annað heilbrigðisstarfsfólk, án þess að talmeinafræðingur sé til staðar
- ...undirrita skýrslur og önnur skjöl fyrir hönd talmeinafræðings
- ...taka ákvarðanir um að hefja meðferð, hætta meðferð eða vísa skjólstæðingi til annars talmeinafræðings eða annars heilbrigðisstarfsfólks.

Eðlilegast er að aðstoðarmaður talmeinafræðings sé launþegi frekar en verktaki en það er samkomulag á milli viðkomandi aðila.

Samþykkt af stjórn FTÍ haust 2015